

# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



## Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er tekin í Húsavíkurrétt í haust. Á myndinni eru Sigfús Jónsson, Jón Gunnarsson stórbóndi og Guðrún Eiríksdóttir. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

## Kristbjörg í stjórn AN



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum áttu 15 fulltrúa á þingi Alþýðusambands Norðurlands sem baldið var á Illugastöðum. Hér má sjá nokkra þeirra.

Alþýðusamband Norðurlands hélt sitt reglulega þing á Illugastöðum um síðustu mánaðamót. Um 90 fulltrúar sátu þingið af þeim tæplega 110 sem höfðu seturétt. Ályktað var um kjaramál, jafnréttismál, Reykjavíkurlugvöll, íslenskunám fyrir útlendinga, slippstöðina á Akureyri, samgöngumál og starfs-

mannaleigur. Áhugasamir geta fengið ályktanirnar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður Verkalýðsfélags Húsavíkur var kosin í stjórn Alþýðusambands Norðurlands en þrír sitja í stjórn sambandsins.

## Allt á fullu hjá Norðlenska

Slátrun hjá Norðlenska á Húsavík hefur gengið vel í haust og er áætlað að slátra um 85 þúsund fjár á Húsavík og um 33 þúsund fjár hjá Norðlenska á Höfn. Á Húsavík starfa um 130 manns við slátrun og eru þar af um 50 útlendingar. Að sögn Sigmundar sláturhússtjóra hefur sláturtíðin gengið vel og hefur dagleg slátrun farið yfir 2000 fjár. Þakkaði hann það ekki síst góðu starfsfólki. Hann sagðist reikna með að slátrun kláraðist 27. október. Þá væru framundan töluverðar breytingar á húsnaði fyrirtækisins á Húsavík. Til stendur að byggja nýja rétt og gera nokkrar breytingar á sláturlínu fyrirtækisins. Það er sem sagt mikill hugur í Norðlenska að halda áfram uppbyggingu á Húsavík.



Þrátt fyrir mikið álag í sláturtíð er alltaf stutt í brosið hjá starfsmönnum Norðlenska.

## Ágúst hættir eftir 16 ára starf



Ágúst Óskarsson hefur verið farsæll í starfi hjá stéttarfélagunum, en hefur nú ákveðið að róa á ný mið og taka við starfi hjá Félags- og skólahjónustu Þingeyinga.

Ágúst Óskarsson starfsmaður Skrifstofu stéttarfélaganna hefur ákveðið að skipta um starfsvetfang eftir 16 ára starf hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum. Ágúst mun hefja störf hjá Félags- og skólahjónustu Þingeyinga 1. desember n.k. og mun þá láta af störfum hjá stéttarfélagunum. Ágúst mun þó verða viðloðandi starf stéttarfélag-

anna fram að næsta aðalfundi Verzlunarmannafélags Húsavíkur þar sem hann er formaður félagsins. Einnig mun hann sitja í stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands fram að næsta ársfundi sjóðsins. Stéttarfélagin óska Ágústi velfarnaðar í nýju starfi um leið og þau þakka honum fyrir vel unnin störf í þágu félaganna.

## Áhyggjur af framtíð Reykjavíkurlugvallar

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktaði nýlega um Reykjavíkurlugvöll. Ályktunin hefur fengið jákvæð viðbrögð og hafa fjölmargir haft samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og þakkað félaginu fyrir ályktunina sem eiga það sameiginlegt að búa viðs vegar um landið. Ljóst er að margir landsbyggðarmenn hafa áhyggjur varðandi framtíð flugvallarins, ekki síst þar sem flugvöllurinn gegnir mikilvægu öryggishlutverki. Ályktunin er eftirfarandi:

“Verkalýðsfélag Húsavíkur varar við þeirri umræðu sem uppi er meðal þeirra stjórn málaafna sem gefa kost á sér til setu í borgarstjórn Reykjavíkur um að flytja innanlandsflugíð frá Reykjavík.

Reykjavík er höfuðborg Íslands og hefur því miklar skyldur gagnvart öllum Íslendingum ekki bara höfuðborgarbúum. Þar eru flestar stofnanir ríkisins staðsettar og þar hafa verið byggð upp hátæknisjúkrahús fyrir opinbert fé sem ætlað er að

þjóna öllum landsmönnum. Í því sambandi gegnir Reykjavíkurlugvöllur veigamiklu hlutverki er varðar öryggishagsmuni landsbyggðarinnar.

Þá má ekki gleyma því að Reykjavíkurlugvöllur er þýðingarmikill fyrir höfuðborgina og skapar fjölda starfa auk þess sem mörg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eiga afkomu sína undir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni og þurfa því á góðum samgöngum að halda við landsbyggðina.

Það verður ekki við það unað að innanlandsflug færast til Keflavíkur ekki síst af öryggisástæðum auk þess sem töluverður viðbótar kostnaður er því fylgandi fyrir þá fjölmörgu sem þurfa þá að koma sér til og frá Keflavík til Reykjavíkur.

Verkalýðsfélag Húsavíkur skorar á borgarstjórn Reykjavíkur, borgarbúa og landsmenn alla að standa vörð um framtíð Reykjavíkurlugvallar.”

## Íbúð í Asparfelli löguð

Ákveðið hefur verið að ráðast í verulegar breytingar á íbúð Verkalýðsfélagsins í Asparfelli. Fyrirhugað er að setja upp nýja eldhúsinnréttingu, parket á gólf og þá verður íbúðin máluð. Íbúðin verður tekin úr umferð í október meðan á framkvæmdum stendur. Að fram-

kvæmdum loknum verður íbúðin öll hin glæsilegasta. Reiknað er með að hún fari aftur í útleigu síðar í þessum mánuði. Húsvíkingarnir Halldór Gíslason smíður og Guðmundur Jónsson málareameistari sjá um breytingarnar.

## Starfsmenntun til umræðu



Helga Kristjánsdóttir trúnaðarmaður starfsmanna í Rækjuvinnslu Ísbafs var fulltrúi Verkalýðsfélags Húsavíkur á fundi um starfsmenntun í fiskvinnslu sem baldinn var í Reykjavík í september.

Matvælasvið Starfsgreinasambands Íslands stóð fyrir fundi mánuðaginn 19. september um málefni fiskvinnslufólks. Fundurinn var haldinn í Reykjavík og komu tæplega þrjátíu fulltrúar á fundinn. Á fundinum gerði Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands grein fyrir starfsemi fiskifélagsins. Fjöla María Lárusdóttir og Guðmunda Kristinsdóttir frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins gerðu grein fyrir þarfagreiningu vegna námskeiða fiskvinnslufólks á vegum Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. Margar áhugaverðar upplýsingar komu fram sem fundarmenn veltu fyrir sér. Formaður sviðsins, Aðalsteinn Á. Baldursson gerði grein

fyrir viðbrögðum Starfsfræðslunefndar vegna niðurstöðu þarfagreiningarinnar. Hann sagði nefndina hafa áhuga á að hafa 6 skyldunámskeið og 6 valfrjáls, þannig að nemendur gætu valið um fjögur námskeið af sex. Áfram yrði miðað við 40 stunda námskeið. Hann sagði mikilvægt að stéttarfélag og starfsfólk þrýstu á að upprifjunarnámskeið væru haldin þar sem eftir þriggja ára starf ættu starfsmenn sem lokið hefðu 40 stunda námskeiðum rétt á 8 stunda upprifjunarnámskeiðum. Fjórugar umræður urðu á fundinum enda starfsfólk í fiskvinnslu almennt áhugasamt um aukna starfsmenntun.

## Forsendur kjarasamninga brostnar

Á síðasta fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélags Húsavíkur voru fundarmenn sammála um að forsendur kjarasamninga væru brostnar og verkafólk ætti kröfu á verulegum hækkunum á gildandi samningi ekki sist þar sem aðrir hópar launafólks hafa fengið umtalsvert meiri hækkanir en almennt verkafólk. Fundarmenn

töldu farsælast að forsendunefnd ASÍ og Samtaka atvinnulífsins sem meta á hvort forsendur kjarasamninga séu brostnar komi sér saman um lagfæringar á gildandi kjarasamningi svo ekki þurfi að koma til uppsagnar á samningnum um áramót. Að öðrum kosti verði farið í átök eftir áramót til að ná fram leiðréttingum á kjörum verkafólks.

## VH tekur þátt í kaupum á mjaltavél

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur samþykkt að styrkja kaup á mjaltavél til nota fyrir mæður í N-Þingeyjarsýslu sem eru með börn á brjósti. Ósk þess efnis kom frá hópi kvenna sem undanfarið hefur unnið að því að safna fyrir þessu þarfa

tæki. Nokkur önnur félagasamtök í Norður-Þingeyjarsýslu hafa samþykkt sambærilega upphæð eða svipaða og Verkalýðsfélag Húsavíkur. Mjaltavélin kostar vel á annað hundrað þúsund.

## 40 ára afmæli VMH

Þann 6. september 2005, voru liðinn 40 ár frá stofnun Verslunarmannafélags Húsavíkur (VMH). Stofnun félagsins má rekja til áhuga forsvarsmanna Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) að fjölga sérstökum félögum verslunarmanna á landsbyggðinni. Á stofnfundi félagsins í byrjun september 1965 kynnti Sverrir Hermannsson formaður LÍV starfsemi sambandsins og kom með tillögu að lögum fyrir Verslunarmannafélag Húsavíkur sem voru samþykkt á stofnfundinum. Guðmundur Bjarnason (fv. ráðherra) starfsmaður Kaupfélags Þingeyinga var kjörinn fyrsti formaður félagsins.

Stofnun og starfsemi félagsins var til að byrja með í nokkurri óþökk Verkalýðsfélags Húsavíkur. Taldi VH að verslunarmannafélagið myndi taka töluvert af félagsmönnum frá sér, en fram að þessu hafði það verið eina stéttarfélag óiðnenntaðra á almennum vinnumarkaði. Þessi þróun gekk þó yfir og hafa samskipti stéttarfélaganna verið mikil á síðustu árum, m.a. hafa þau rekið saman öfluga þjónustuskrifstofu á Húsavík.

Við stofnun félagsins og lengst af hafa flestir félagsmenn verið úr verslunum og þjónustudeildum Kaupfélags Þingeyinga en alla tíð var lagt mikið upp úr því að höfða til starfsmanna annarra fyrirtækja á

félagssvæðinu og fá félagsmenn úr þeim í trúnaðarstöður hjá félaginu. Eftirtalin hafa verið formenn Verslunarmannafélags Húsavíkur:

6/9 1965 – 18/3 1968

**Guðmundur Bjarnason**

18/3 1968 – 14/9 1972

**Sigríður M. Arnórsdóttir**

14/9 1972 – 7/10 1974

**Þórhallur Björnsson**

7/10 1974 – 14/7 1976

**Hafliði Jósteinnsson**

14/7 1976 – 5/5 1978

**Hreiðar Karlsson**

5/5 1978 – 11/10 1979

**Þórhallur Björnsson**

11/10 1979 – 3/5 1982

**Dómhildur Antonsdóttir**

3/5 1982 – 21/6 1984

**Borghildur Kjartansdóttir**

21/6 1984 – 13/11 1985

**Sighvatur Einar Sighvatsson**

13/11 1985 – 13/10 1987

**Hjörtur Tryggvason**

13/10 1987 – 28/6 1989

**Ásta Baldvinsdóttir**

28/6 1989 – vor 2006

**Ágúst Óskarsson**

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur hefur ákveðið að halda upp á 40 ára afmæli félagsins með afmælishófi í haust.

Dagsetning afmælishófsins hefur ekki verið ákveðin en verður kynnt félagsmönnum fljótlega með boðskorti.

## Unglingar í heimsókn



Nemendur Vinnuskólans á Húsavík kunnu vel að meta fræðslu um verkalýðsmál, atvinnumál og önnur velferðarmál á svæðinu.

Unglingar úr Vinnuskólanum á Húsavík komu í heimsókn á skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík ásamt flokksstjórum á síðasta degi skólans í haust. Markmið heimsóknarinnar var að fræðast um starfsemi félagsins, atvinnulíf á Húsavík og helstu mál er varða velferð íbúa á svæðinu. Þau lögðu fram fjölmargar

spurningar sem starfsmenn stéttarfélaganna svöruðu eftir bestu getu. Verkalýðsfélagið bauð gestunum einnig upp á veitingar og þá fengu allir boli frá félaginu. Ekki var annað að sjá en að unglingarnir væru ánægðir með heimsóknina enda mikilvægt fyrir þá að vita um þær reglur og lög sem gilda á vinnumarkaði.

## Þingið styrkir Garðshorn

Þingið og Verkalýðsfélag Húsavíkur hafa ákveðið að styrkja Garðshorn vegna kaupna á rafmagnshurð og iðjuþjálfunartæki fyrir börn sem tengist endurhæfing- og útivistarsvæði Dvalarheimilis-

ins Hvamms og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Samþykkt var að styrkja þessi kaup samtals um kr. 80.000,-. Félögin hafa áður lagt fram fjármagn til uppbyggingar garðsins.

## Heimsóknir í skóla



Það er ljóst að það skiptir miklu máli fyrir ungt fólk sem er að stiga sín fyrstu skref á vinnumarkaði að þekkja þær skyldur og reglur sem gilda á vinnumarkaði. Stéttarfélögin leggja því mikið upp úr því að uppfæra ungt fólk um þessi mál.

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa sent öllum grunnskólum á félagssvæðinu bréf og boðist til að heimsækja skólana og fræða elstu nemendur um réttindi og skyldur á

vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaganna. Flestir skólanna hafa þegar haft samband og óskað eftir þessari fræðslu. Áætlað er að byrja á þessari kynningu í næsta mánuði.



Ársfundur Starfsgræinasambands Íslands var baldinn á Akureyri í byrjun október. Helstu málefni fundarins voru kjaramál, atvinnumál og þá voru samþykktar breytingar á fyrirkomulagi ársfunda sambandsins. Samþykki var að bættu með reglulega ársfundum og taka upp þess í stað þing á tveggja ára fresti. Á fundum var gengið frá kjöri manna í helstu embætti sambandsins. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur var endurkjörinn formaður Matvælasviðs sambandsins sem er eitt umfangsmesta svið sambandsins. Um 120 fulltrúar sátu þingið. Á myndinni eru fulltrúar stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum á fundinum, Aðalsteinn, Svava, Olga, Kristbjörg og Kristín Lárusson frá Þórsböfn.

## Samið við Frumherja

- Góður afsláttur til félagsmanna -

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur samið við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Afsláttur þessi nær einnig til félags-

manna þeirra félaga sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn.

## “Heilbrigðisskólinn”

### Verkefnið kennum hvort öðru

Í vetur mun Heilbrigðisstofnun Þingeyinga standa fyrir fræðslu fyrir starfsfólk sitt.

Námsframboð byggist á niðurstöðum könnunar meðal starfsmanna, sem gerð var í byrjun september. Kennarar verða aðallega starfsmenn H.Þ. og hugmyndin er að miðla kunnáttu milli starfsmanna og starfsstétta.

Fyrsti kennsludagur var þriðjudaginn 4. október. Byrjað var á námskeiði um siðfræði heilbrigðisstétta, kennari: Gunnar Rafn Jónsson.

Þeir starfsmenn sem sækja námskeiðin munu fá þau metin samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Viðurkenningarskjöl, þar sem

fram kemur fjöldi setinna tíma í viðkomandi námskeiði, verða afhent að loknu hverju námskeiði. Ef fólk getur ekki setið alla fyrirlestrana fá þeir þá tíma sem viðkomandi sat metna. Þannig ætti fólk smátt og smátt að geta safnað sér tilskyldum tímafjölda til að geta sótt um launaflokkahækkun vegna menntunar. Þátttaka starfsmanna í þessu verkefni hefur farið fram úr björtustu vonum því á fyrsta námskeiði skráðu sig 73 þátttakendur úr 9 stéttarfélögum. Námskeiðin eru haldin í samráði við stéttarfélag starfsmanna sem væntanlega koma til með að taka þátt í kostnaði vegna sinna félagsmanna.

## Gott námskeið fyrir þig!

Stéttarfélögin á Húsavík hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á 4 stunda námskeið í vinnurétti. Á námskeiðunum verður farið yfir helstu réttindi launþega er varða laun, starfsaldur, veikindarétt, lífeyrissjóð, orlofsrétt og tryggingar. Um er að ræða stutt og lífleg námskeið. Þegar þátttaka liggur fyrir verður ákveðið hvenær námskeiðin verða haldin. Leiðbeinendur verða Aðalsteinn Á. Baldursson og Ágúst Óskarsson. Námskeiðin eru ókeypis fyrir félagsmenn. Skráning á námskeiðin stendur yfir til 1. nóvember n.k. Hvert námskeið hér að neðan er ætlað þeim starfsmönnum sem vinna eftir viðkomandi kjarasamningi.

**Kjarasamningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og Samtaka atvinnulífsins.** Undir þennan kjarasamning falla m.a. ræstingarfólk, fiskvinnslufólk, starfsmenn við slátrun og kjötvinnslu, bílstjórar, starfsmenn við fiskeldi, byggingaverkamenn, starfsfólk í þvottahúsum og almennt verkafólk. Leiðbeinandi: Aðalsteinn Á. Baldursson

**Kjarasamningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og Samtaka atvinnulífsins** vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gisti- húsum og hlíðstæðri starfsemi. Þessi samningur nær einnig til bensinafgreiðslustarfa. Leiðbeinandi: Aðalsteinn Á. Baldursson

**Kjarasamningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og Meðferðarheimilisins Árbótar.** Leiðbeinandi: Aðalsteinn Á. Baldursson

**Kjarasamningur Verkalýðs-**

**félags Húsavíkur og fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs.** Þessi samningur nær til félagsmanna í Verkalýðsfélagi Húsavíkur sem starfa hjá ríkinu eða ríkisstofnunum. **Leiðbeinandi:** Aðalsteinn Á. Baldursson

**Kjarasamningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og Launafndar sveitarfélaga.** Þessi samningur nær til félagsmanna í Verkalýðsfélagi Húsavíkur sem starfa hjá sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum. **Leiðbeinandi:** Aðalsteinn Á. Baldursson

**Kjarasamningur Starfsmannafélags Húsavíkur og fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs.** Þessi samningur nær til félagsmanna í Starfsmannafélagi Húsavíkur sem starfa hjá ríkinu eða ríkisstofnunum. **Leiðbeinandi:** Ágúst Óskarsson

**Kjarasamningur Starfsmannafélags Húsavíkur og Launafndar sveitarfélaga.** Þessi samningur nær til félagsmanna í Starfsmannafélagi Húsavíkur sem starfa hjá sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum. **Leiðbeinandi:** Ágúst Óskarsson

**Kjarasamningur Landsambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins.** Samningurinn nær til starfsfólks á skrifstofum, verslunum og söluturnum. **Leiðbeinandi:** Ágúst Óskarsson

**Kjarasamningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og Hvamms, heimili aldraðra.** Leiðbeinandi: Aðalsteinn Á. Baldursson

## Um þrjú þúsund ferðir í göngin

Á síðustu tólf mánuðum hafa félagsmenn stéttarfélaganna á Húsavík keypt 3000 miða í Hvalfjarðargöngin á Skrifstofu stéttarfélaganna og greitt fyrir þá kr. 1.800.000,- eða kr. 600 fyrir hvern miða. Hefðu þeir keypt miðana þegar þeir áttu leið um göngin

hefðu þeir þurft að greiða kr. 3.000.000,- fyrir miðana þar sem hver miði kostar kr. 1.000,- hjá Spelli. Félagsmenn hafa því sparað sér kr. 1.200.000,- með því að versla miðana á Skrifstofu stéttarfélaganna. Um er að ræða töluverðan sparnað fyrir félagsmenn.



Það hefur verið veltusamt á Norðurlandi í haust og því hafa regnblífar komið að góðum notum eins og sjá má. Ágústa Sigurðar og Erla Ásgeirs létu ekki rigninuna bafa ábrif á sig þegar þær voru á heilsubátargöngu á Húsavík enda vel útbúnar.

## Starfsfólki sagt upp

Rækjuvinnslufyrirtækið Íshaf hf. á Húsavík hefur sagt upp öllum starfsmönnum og taka uppsagnirnar gildi hjá flestum starfsmönnum um næstu áramót. Um tuttugu starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu. Ástæður uppsagna eru slæm rekstrarskilyrði rækjuíðnaðar á Íslandi enda hafa margar verksmiðjur hætt starfsemi á síðustu árum. Á fundinum kom fram að þrjú aðilar hafa haft samband við stjórnendur varðandi hugsanleg kaup á

verksmiðjunni. Ljóst er að uppsagnirnar eru mikið áfall fyrir atvinnulífið á Húsavík ekki síst fyrir starfsmenn. Fréttabréfið hafði samband við Pétur Pálsson stjórnarformann fyrirtækisins rétt áður en fréttabréfið fór í prentun og spurði hann út í stöðuna. Hann sagði lítið að fréttu, þó væri unnið að því að skoða framtíð fyrirtækisins og sagðist hann reikna með að það skýrðist um miðjan nóvember.

## Skipulagsmál stéttarféлага

Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur sendi stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur erindi þar sem spurst var fyrir um áhuga félagsins að hefja viðræður um sameiningu félaganna. Erindið var tekið fyrir hjá stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur og voru menn þar á bæ reiðubúnir að hitta stjórn VH og ræða um skipulagsmál stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, án þess að í því fælist nokkur binding.

Á síðasta stjórnarfundum Verkalýðsfélags Öxarfjarðar bar skipulagsmál stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum á góma. Ákveðið var að taka málið til frekari skoðunar á næsta fundi stjórnarinnar.

Samkvæmt þessu virðist vera nokkur skoðun á kostum og göllum þess að stéttarfélagin sameinist, en þau hafa um árabíl átt farsælt samstarf og reka m.a. saman þjónustuskrifstofu.

## Boðið upp á kjötvörur frá Húsavík



Það vakti töluverða athygli á fundi norrænna verkalýðsforingja á Grænlandi þegar boðið var upp á framleiðsluvörur úr breindýrakjöti frá Húsavík sem flutt hafði verið frá Grænlandi til vinnslu á Húsavík. Kjötíð smakkaðist vel. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og formaður Alþýðusambands Grænlands tókust í bendur til að innstíglu gott samstarf milli aðila er lýtur að atvinnu- og verkalýðsmálum. Við það tækifæri héldu þeir á afurð frá Norðlenska og Viðbót á Húsavík.

Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, Aðalsteinn Á. Baldursson var nýlega beðin um að fara til Grænlands á vegum ASÍ til að ræða við Grænlenka og Færeyska verkalýðsforingja um mál er varða verkafólk og samskipti milli landanna í þeim efnum. Með í för voru forseti og framkvæmdastjóri ASÍ ásamt formanni Sjómannasambands Íslands. Eftir stranga fundarlotu var erlendu gestunum boðið í ferð að rötum Grænlandsjökuls

sem var tilkomumikil ferð. Þegar komið var að jöklinum var boðið upp á veitingar sem bygðu á Grænlenkum matarhefðum. Það sem vakti sérstaka athygli formanns VH var að boðið var upp á þurrkað hreindýrakjöt frá Húsavík. Um er að ræða hreindýrakjöt sem flutt er inn frá Grænlandi og unnið á Húsavík. Þar hafa Viðbót og Norðlenska þróað vöru úr kjötinu sem nú nýtur vinsælda í Grænlandi.



Á myndinni er Stefán breindýrabóndi ásamt fjölskyldu sinni á Grænlandi. Stefán bað formann VH að skila kveðju til Þingeyinga enda hefur bann átt gott samstarf við þá og tekið þátt í atvinnurekstri á Húsavík. Á myndinni má einnig sjá Mývetninginn Karl Sverrisson sem undanfarið hefur dualið hjá Stefáni við smölnu og slátrun á breindýrum.

## Þórshöfn

Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík verða staddir á Þórshöfn um miðjan nóvember. Endanleg tímasetning hefur ekki verið ákveðin. Þeir munu heimsækja vinnustaði og þá gefst félagsmönnum í Verkalýðsfélagi Þórshafnar tækifæri til að ræða við starfsmennina um sín mál er tengjast verkalýðsmálum. Tímasetning heimsóknarinnar verður



auglýst síðar.

## Raufarhöfn

Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík verða staddir á Raufarhöfn um miðjan nóvember. Endanleg tímasetning hefur ekki verið ákveðin. Þeir munu heimsækja vinnustaði og þá gefst félagsmönnum í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og Starfsmannafélagi Húsavíkur tækifæri til að ræða við starfsmennina um sín mál er tengjast verkalýðsmálum. Tímasetning heimsóknarinnar verður



auglýst síðar.

## Föndurstofa



Góð mæting var á fyrsta föndurkvöldið hjá Sigrúnu Kjartans sem er með opið hús í félagsaðstöðu stéttarfélaganna á þriðjudagskvöldum.

Sigrún Kjartansdóttir hefur opnað föndurstofu í félagsaðstöðu stéttarfélaganna á Húsavík. Það er gert í samstafi við stéttarfélagin sem leggja til aðstöðu. Sigrún ætlar að vera með opið hús á þriðjudagskvöldum og strax fyrsta kvöldið var saman kominn hópur áhugasamra kvenna. Nú er um að gera

fyrir áhugasama að líta við hjá Sigrúnu og skoða það sem er í boði. Rétt er að taka fram að allir eru velkomnir og þurfa ekki að greiða þátttökugjald. Fyrir þá sem vilja fönndra þá hefur Sigrún til sölu föndurefni á mjög góðu verði. Að sjálfsgöðu er heitt kaffi á könnuninni.

**www.vh.is** - stöðugur frétt aflutningur á netinu!

**GULLVILD**  
- vertu góðu vanur

Í Gullvild færðu betri kjör og frábæra þjónustu

#### Dinn ávinningun:

- 200 frjár debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gúlfabetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gúlfrediborti
- Betri vaxtakjör

GULLVILD ÍSLANDBANKA er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar djúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðsli. Auk þess standa þér ýmsir þjónustupættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á [ib.is](http://ib.is).

ÍSLANDBANKI | 100%

*Snæbjörn Sigurðarson, nýr verkefnastjóri á skrifstofu stéttarfélaganna:*

# “Hef aldrei heyrt neitt nema jákvætt um Húsavík”

Fulltrúaráð stéttarfélaganna hefur samþykkt að ráða Snæbjörn Sigurðarson í starf verkefnastjóra á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík og mun hann taka við starfi því sem Ágúst Óskarsson gegndi. Átta umsóknir bárust um starfið.

Snæbjörn er fæddur árið 1974 og er í sambúð með Jóhönnu Másdóttur og eiga þau tvö börn á öðru og fimmta aldursári.

Hann er ættaður frá Patreksfirði en hefur síðustu ár búið á Djúpavogi. Þar hefur hann starfað sem skrifstofustjóri Djúpavogshrepps og séð um verkefni svo sem launabókhald, starfsmannamál, reikningagerð, innheimtur, tölvuumsjón í stofnunum sveitarfélagsins auk þess að sjá um heimasíðu Djúpavogshrepps. Þá hefur hann verið staðgengill sveitarstjóra. Áður starfaði hann m.a. við sjómennsku, fiskvinnslu, gæslu á geðdeildum og sem leiðbeinandi í Grunnskóla Djúpavogshrepps. Með vinnu hjá Djúpavogshreppi hefur hann kennt hjá Fræðsluneti Austurlands og verið bílstjóri á sjúkrahúsi hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Snæbjörn mun hefja störf um næstu mánaðamót.

Snæbjörn var í heimsókn á Húsavík á dögum til þess að kynna sér staðinn og starfið og þá náði tíðindamaður blaðsins tali af honum. Og að sjálfsgöðu var fyrsta spurningin: **How do you like Húsavík??**

“Mér líst mjög vel á bæinn. Það vakti strax athygli mína hvað allt er snyrtilegt hér, eins og reyndar ég á að venjast frá Djúpavogi. Og konunni og börnunum leist ekki síður vel á, og eldri strákrurinn er mjög spenntur að fá að fara á leikskólann sem við erum búin að heimsækja. Viðtökur allra sem ég hef hitt hafa verið mjög hlýlegar, við gistum hjá Auði Gunnars í Árbóli og hún hefur verið alveg frábær og stjánað við okkur. Nú, og hvað starfið varðar, þá sýnist mér það vera mjög fjölbreytilegt og ekki svona rútínúvinna. Sumir þættir eru svipaðir og ég hef verið að fást við á Djúpavogi, þannig að sú reynsla nýtist mér vel, og sömuleiðis sú menntun sem ég hef og starfsreynsla á öðrum sviðum.”

**- En hvað réði því að þú sóttir um þetta starf á Húsavík?**

“Það voru ýmsar ástæður fyrir því. Og ég vil strax taka það fram að ég var mjög ánægður í mínu



*Adalsteinn Á. Baldursson og Snæbjörn Sigurðarson bandsala ráðningarsamninginn.*

starfi á Djúpavogi, við höfðum það mjög gott þar og leið vel. Þannig að ég er að fara frá mjög góðum stað og úr mjög góðu starfi. En er líka sannfærður um að ég er að flytja á mjög góðan stað og taka við mjög góðu starfi. En við vorum svona að huga að dálítið stærri stað, þar sem þjónusta væri meiri og fjölbreyttari og möguleikarnir margvíslegri. Þannig að þegar ég sá þetta starf auglýst, þá sótti ég um í miklu bjartspýnskasti. Og varð afar glaður þegar í ljós kom að þessi bjartsýni reyndist vera raunsæi og ég fékk starfið.

**- Það hefur ekki komið til greina að leita að enn stærri stað og huga að vinnu í Reykjavík?**

“Nei, það kom aldrei til greina og ég er búinn að prófa að búa þar. En við erum bæði landsbyggðarfólk og viljum halda okkur þar. Ég kom hingað fyrst á Landsmóti UMFÍ, þegar Húsavík skartaði sínu fegursta í 30 stiga hita og mér sýnist þænum ekki hafa farið aftur síðan. Og raunar get ég sagt það að ég hef aldrei heyrt neitt nema jákvætt um Húsavík.”

**- Þekkið þið einhverja hér á Húsavík?**

“Já, það eru nokkrir Patreksfirðingar hér fyrir. Og ég er t.d. “Bjössí frændi” þeirra bræðra Adalsteins og Unnsteins Júlíussona, sem hér búa. Nú, og svo eru þær Jóhanna kona mín og Svandís Sverrisdóttir smiður sem hér býr,

sungið bassa í kórum og sönghópum, auk þess að spila og syngja í hljómsveitum. Og það má geta þess að þegar er búið að reyna að fá mig í kór hér á Húsavík. Nú, ég fylgist vel með íslenska og enska boltanum og hef haft það að aukastarfi að safna upplýsingum um íslenska knattspyrnu um íslenska knattspyrnumenn fyrir tölvuleikinn Football Manager.”

**- Og þú er bjartsýnn á þessum tímamótum?**

“Mjög svo. Það er auðvitað átak að taka sig upp með fjögurra manna fjölskyldu og flytja á nýjar slóðir. En okkur líst vel á allt sem við höfum séð og kynnt okkur hér og mér sýnist að það stefni í uppgang hér á Húsavík á ýmsum sviðum. Þannig að ég sé ekki eftir að hafa tekið þessa ákvörðun og vona bara að Húsavíkingar eigi ekki heldur eftir að sjá eftir því.”

Sagði Snæbjörn Sigurðarson að lokum.

*Jóhannes Sigurjónsson tók þetta viðtal við Snæbjörn og þakkar Fréttabréfið bonum fyrir það*

náfrænkur.

**- Hver eru helstu áhugamálin?**

“Það eru tónlist og íþróttir. Ég spila á píanó og gítar, auk þess að syngja við ýmis tækifæri. Ég hef

## Tallin

Stéttarfélagin buðu félagsmönnum sínum upp á tvær ferðir til Tallin í Eistlandi í haust í samvinnu við Ferðaskrifstofuna Trans Atlantic. Mikill áhugi reyndist á ferðunum og skráðu 130 þátttakendur sig í ferðirnar á vegum stéttarfélaganna.


Nú hefur fyrri hópurinn farið út

og voru ferðalangarnir ánægðir með dvölinu í Tallin og skoðunarferðir út um sveitir Eistlands. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá nokkra fróðleikspyrsta félagsmenn skoða sig um í Eistlandi.



*Þingeyingar skoða sig um í Tallin.*

# Frábær ár í séreign



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og til loka september 2005 var raunhækkun á Safni I 68,1% og 83,7% á Safni II. Þetta eru hækkanir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkanir á 81 mánuði. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum tíma hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun hefur aldrei orðið neikvæð á tímabilinu. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stíllt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Nánari upplýsingar um ávöxtun og gengi safna er að finna á heimasíðu sjóðsins [www.ln.is](http://www.ln.is). Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarspamaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501  
Tölvupóstur: [ln@ln.is](mailto:ln@ln.is) • Heimasíða: [www.ln.is](http://www.ln.is)

[www.ln.is](http://www.ln.is)